# FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þann 25. júní 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 16:00.

Á fundinn voru mætt Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Erla Stefánsdóttir, Davíð Birkir Tryggvason, Eydís Inga Sigurjónsdóttir og Ástrós Elísdóttir.

Ragnar Rögnvaldsson boðaði forföll og Ástrós Elísdóttir mætti í hans stað.

Fundinn sátu jafnframt Jóhanna Sigurjónsdóttir og Daniela Esmeralda Ortega.

Davíð Birkir Tryggvason var tilnefndur sem fundarritari, var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Oddviti lagði til að tveimur málum yrði bætt við undir 8. dagskrárlið (önnur mál), annars vegar skipun í stjórn Farskólans og hins vegar bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum í samræmi við 2. mgr. 27. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

**Dagskrá:**

**1. Kosning í nefndir og ráð**

Eftirfarandi voru skipaðir í fastanefndir sveitarfélagsins sem aðal- og varamenn. Þar sem ekki bárust aðrar tillögur voru þeir lýstir réttkjörnir:

**a) Hafnar- og skipulagsnefnd**

| *Aðalmenn:* | *Varamenn:* |
|---|---|
| Guðni Már Lýðsson – formaður | Sæmundur Þór Hafsteinsson |
| Vigdís Elva Þorgeirsdóttir – varaformaður | Ragnar Rögnvaldsson |
| Jóhann Guðbjartur Sigurjónsson | Patrik Snær Bjarnason |
| Stefán Sveinsson | Davíð Birkir Tryggvason |
| Ingimar Vignisson | Björn Hallbjörnsson |

**b) Tómstunda- og menningarmálanefnd**

| *Aðalmenn:* | *Varamenn:* |
|---|---|
| Helena Mara Velemir – formaður | Hugrún Sif Hallgrímsdóttir |
| Arnar Ólafur Viggósson – varaformaður | Kristbjörg Dúfa Ragnheiðardóttir |
| Björk Sveinsdóttir | Snæfríður Dögg Guðmundsdóttir |
| Einar Þorleifsson | Jóhanna Guðrún Karlsdóttir |
| Halla María Þórðardóttir | Andri Már Welding |



RES

**c) Atvinnu- og ferðamálanefnd**

| *Aðalmenn:* | *Varamenn:* |
| --- | --- |
| Herdís Þórunn Jakobsdóttir – formaður | Hugrún Sif Hallgrímsdóttir |
| Eva Dís Gunnarsdóttir – varaformaður | Vigdís Elva Þorgeirsdóttir |
| Steindór Rúniberg Haraldsson | Ragnheiður Erla Stefánsdóttir |
| Guðlaugur Siggi Hannesson | Elín Ósk Ómarsdóttir |
| Ragnar Rögnvaldsson | Daníela Esmeralda Ortega |

**d) Fræðslunefnd**

| *Aðalmenn:* | *Varamenn:* |
| --- | --- |
| Ástrós Elísdóttir – formaður | Guðrún Hjaltey Hallgrímsdóttir |
| Snæfríður Dögg Guðmundsdóttir – varaformaður | Helena Mara Velemir |
| Elvar Bjarki Gíslason | Eydís Inga Sigurjónsdóttir |
| Vigdís Elva Þorgeirsdóttir | Ragnar Rögnvaldsson |
| Halla Björk Víðisdóttir | Birgir Már Friðriksson |

**e) Kjörstjórn**

| *Aðalmenn:* | *Varamenn:* |
| --- | --- |
| Lárus Ægir Guðmundsson | Vigdís Elva Þorgeirsdóttir |
| Guðbjörg Ólafsdóttir | Gígja Heiðrún Óskarsdóttir |
| Þórunn Valdís Rúnarsdóttir | Steindór Rúniberg Haraldsson |

**f) Fulltrúi í stjórn Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)**

| *Aðalmenn*: | *Varamaður*: |
| --- | --- |
| Davíð Birkir Tryggvason | Eydís Inga Sigurjónsdóttir |

**g) Fulltrúar á ársþing Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)**

| *Aðalmenn:* | *Varamenn*: |
| --- | --- |
| Davíð Birkir Tryggvason | Ragnheiður Erla Stefánsdóttir |
| Eydís Inga Sigurjónsdóttir | Ragnar Rögnvaldsson |
| Vigdís Elva Þorgeirsdóttir | |

**h) Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**

| *Aðalmaður:* | *Varamaður:* |
| --- | --- |
| Ragnheiður Erla Stefánsdóttir | Eydís Inga Sigurjónsdóttir |

**i) Fulltrúar í Farsældarráði Norðurlands vestra**

| *Aðalmenn:* | *Varamaður:* |
| --- | --- |
| Eydís Inga Sigurjónsdóttir | Ragnheiður Erla Stefánsdóttir |
| Vigdís Elva Þorgeirsdóttir | |

**j) Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands**

| *Aðalmaður:* | *Varamaður:* |
| --- | --- |
| Davíð Birkir Tryggvason | Ragnar Rögnvaldsson |

**2. Tímabundin prókúra**

Oddviti upplýsir fulltrúa um að á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 8. júní 2026 hafi láðst að taka fram í fundargerð að tillaga um tímabundna prókúru til oddvita sem staðgengils sveitarstjóra hafi verið samþykkt. Tillagan var því borin upp að nýju og samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.

**3. Tímabundin ráðning starfsmanns á skrifstofu sveitarfélagsins**

Oddviti upplýsir fundarmenn um að báðir starfsmenn skrifstofu sveitarfélagsins hafi nú sagt störfum sínum lausum. Bregðast þurfi hratt við og var lagt til að staðgengli sveitarstjóra verði falið að ganga frá tímabundinni ráðningu starfsmanns sem hafið geti störf sem fyrst. Í framhaldinu verði bæði störfin auglýst. Tillagan var lögð fram til kosningar og samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.

**4. Drög að umsögn sveitarfélagsins vegna endurskoðunar byggðakvótakerfisins.**

Fyrir fundinum lágu drög að umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á byggðarkvótakerfinu en Innviðaráðuneytið hafði óskað eftir umsögn sveitarfélagsins vegna málsins þann 8. maí 2026. Drögin höfðu áður verið lögð fyrir formann félags smábátaeigenda á Norðurlandi vestra og fleiri hagsmunaaðila á svæðinu. Engar athugasemdir eða breytingatillögur bárust. Fulltrúar voru sáttir við umsögnina og samþykktu með fimm greiddum atkvæðum að senda hana óbreytta til ráðuneytisins.

**5. Umsögn sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra breytinga gjaldaákvæðis hafnalaga nr. 61/2003.**

Oddviti upplýsir um að frestur til að skila umsögn um fyrirhugaðar breytingar á gjaldaákvæði hafnalaga hafi runnið út þann 19. júní 2026 og fyrir þann tíma hafi umsögn verið send fyrir hönd sveitarfélagsins. Var hún lögð fram til kynningar á fundinum.

**6. Bréf**

**a) Sveitarstjóri Skagafjarðar dags. 29. maí 2026**

**Efni:** Bygging verknámshúss á Sauðárkróki
Bréfið var lagt fram til kynningar.

**b) Björgunarsveitin Strönd dags. 1. júní 2026**

**Efni:** Styrkbeiðni
Beiðnin var lögð fram á fundi sveitarstjórnar þann 6. júní og var afgreiðslu hennar frestað. Málið var tekið upp aftur á fundinum og oddviti upplýsti fundarmenn um að í samtali við formann björgunarsveitarinnar hafi komið fram að sveitinni hafi borist styrkur, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir þegar styrkbeiðnin var send sveitarfélaginu. Oddviti lagði beiðnina fram til atkvæðagreiðslu og var henni hafnað samhljóða með fimm atkvæðum.

**c) Tómas Ragnarz dags. 1. júní 2026**

**Efni:** Beiðni um fund með sveitarstjórn
Bréfið var lagt fram, en sveitarstjórn fundaði með Tómasi þann 18. júní 2026.

**d) Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands dags. 5. júní 2026**

**Efni:** Íþróttavika Evrópu (framsent frá SSNV)
Bréfið var lagt fram til kynningar. Oddviti upplýsti um að skipulag íþróttaviku hafi verið unnið í samstarfi við Umf. Fram undanfarin ár. Erindið hafi því verið áframsent á ungmennafélagið og verður unnið í samstarfi við það.

**e) Grétar Sigfinnur Sigurðarson dags. 9. júní 2026**

**Efni:** Beiðni um fund með sveitarstjórn
Bréfið var lagt fram fyrir fund, en sveitarstjórn fundaði með Grétari þann 18. júní 2026. Erindið varðaði áframhaldandi byggingu við Ránarbraut í samstarfi við Brák íbúðarfélag.

**f) Ungmennafélagið Fram dags. 21. júní 2026**

**Efni:** Leyfi fyrir lokun gatna vegna Á Fram Atwork hlaupsins
Beiðni ungmennafélagsins var kynnt auk ítarlegri upplýsinga sem bárust stuttu fyrir fundinn. Hlaupið hefst kl. 14:00 þann 19. júlí 2026. Ræst verður við hliðina á gömlu síldarverksmiðjunni. Beiðnin felur í sér að umferð um ákveðnar götur sveitarfélagsins verði takmörkuð á meðan á hlaupinu stendur.

Beiðnin var lögð fram til samþykktar. Beiðnin var samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum.

Sveitarstjórn lýsir jafnframt yfir ánægju með framtakið sem lið í að efla samfélagslega þátttöku og kynna sveitarfélagið.

**7. Fundargerðir**

Eftirtalin skýrsla og fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

a) Ársskýrsla Farskólans 2025

b) Fundargerðir fagráðs barnaverndarþjónustu frá 1. og 15. desember 2025, 4. maí 2026 og 15. júní 2026

c) Fundargerð 483. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 29. maí 2026

d) Fundargerð 999. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. maí 2026

e) Fundarferð 1000. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 9. júní 2026

**8. Önnur mál**

a) Tillaga að nýjum stjórnarmeðlimi í stjórn Farskóla Norðurlands vestra
Oddviti lagði til að Vigdís Elva Þorgeirsdóttir tæki sæti. Tillagan var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.

b) Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra vegna óvirks úrgangs
Bréf var lagt til kynningar og staðgengli sveitarstjóra falið að óska eftir endurnýjun leyfis.
Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 16:51

Ragnheiður Stefánsdóttir
Vigdís Elva Þorgeirsd
Eygló Inga Sigurjónsdóttir
Ástrós Elísdóttir
Davíð Birgir Tryggvason